

Fjölskylduþjónusta Norðurlands eystra

1. Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins er að byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í hann ásamt því að efla farsæld barna og fjölskyldna þeirra með samþættum og snemmtækum stuðningi sem byggir á kerfiskenningum. Verkefnið er að norskri fyrirmynd (<https://www.bufoir.no/familie/familien/>) og felur í sér mótun, framkvæmd og mat á fjölskyldumiðaðri þjónustu sem veitt er til viðbótar við núverandi úrræði í velferðar- og skólakerfum, með áherslu á:

- Styrkingu foreldrafærni og fjölskyldutengsla
- Barnasmiðju / námskeið
- Fjölskylduþjónustu og para- og fjölskyldumeðferð
- Áfallaúrvinnslu
- Reiðistjórun
- Forvarnir gegn ofbeldi og ofbeldishegðun, félagslegri einangrun, skólaforðun og vanlíðan barna
- Auka virkni og þátttöku barna og fjölskyldna í samfélaginu
- Heildstæða þjónustupróun á landsbyggðinni þar sem aðgengi að stuðningsúrræðum er oft takmarkað.
- Að málin, sem annað fagfólk er með í fanginu og finnur til ráðaleysis, verði gripin af þar til gerðum sérfræðingum

Til að ná sem bestum árangri og tryggja farsæld barna til framtíðar er nauðsynlegt að halda utan um fjölskylduna í heild. Lög nr. 86/2021 um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna leggja áherslu á að samþætta þjónustu fyrir börn en lykillinn að raunverulegri og varanlegri farsæld er snemmtæk íhlutun sem nær til allra fjölskyldumeðlima. Með því að styðja og efla fjölskylduna sem heild getum við gripið inn í snemma, komið í veg fyrir erfiðari áskoranir síðar og stuðlað að heilbrigðum uppveksti barna. Verkefnið myndi skapa sterkari grunn fyrir farsæld og velferð í framtíðinni.

2. Verkefnalýsing og útfærsla

Fjölskylduþjónustan er tímabundið stuðningsúrræði fyrir börn á aldrinum 0–18 ára og fjölskyldur þeirra. Úrræðið er hannað til að bregðast við: fyrstu merkjum um vanda í fjölskyldum, tenglarofi, ofbeldishegðun, andlegri vanlíðan, áföllum, hegðunarerfiðleika, félagslega einangrun, skólaforðun eða deilur foreldra svo dæmi séu tekin.

Úrræðið er viðbót og styrking við þá þjónustu sem fyrir er. Fjölskylduþjónustunni er ætlað að styðja við börn og foreldra með fjölskyldu miðaðri nálgun. Mikilvægi meðferðarsambandsins verður haft í forgrunni þess faglega starfs sem fram fer í úrræðinu. Verkefnið felur í sér þrjár meginstoðir:

a) Barnasmiðja / námskeið

- Börn taka þátt í 4–6 vikna sérhæfðu þverfaglegu úrræði sem getur verið utan hefðbundins skólaumhverfis, eftir atvikum og mati hvers máls.

- Notuð eru gagnreyndar aðferðir eins og til dæmis PEERS (félagsfærni), ART (reiðistjórnun) og HAM (hugræn atferlismeðferð) svo dæmi séu tekin.
- Lögð er áhersla á að efla sjálfsmynd, bjargráð og félagsfærni með það markmið að styðja barnið í átt að betri líðan og aukinnar valdeflingar.

b) Fjölskylduþjónusta og para- og fjölskyldumeðferð

- Samhliða vinnunni í smiðjunni með börnin fá foreldrar og aðrir forráðamenn fjölskyldumiðaðan stuðning, m.a. í formi viðtala, fjölskyldumeðferðar, námskeiða og hópstarfs. Stefnt er að því að sníða þjónustuna eftir þörfum hverrar fjölskyldu fyrir sig fremur en að allir fari í gegnum fyrirframgefna uppskrift.
- Lögð er áhersla á lausnamiðaða nálgun og eflingu seiglu fjölskyldunnar í heild.
- Veitt verður sérhæfð parameðferð þar sem þörf er á slíkri viðtalsmeðferð enda getur slík nálgun verið grunnurinn að því að bæði foreldrum og börnum líði betur til lengri tíma lítið.
- Gagnreynd fjölskyldumeðferð fyrir alla fjölskylduna eða hluta hennar verður í boði allt eftir þörfum hvers máls fyrir sig.
- Áfallaúrvinnsla verður í boði, því það er vitað að stór og smá áföll hvort sem þau eru ný eða gömul, geta haft margvísleg áhrif á það fólk sem fyrir þeim verður og þeirra fjölskyldur.
- Reiðistjórnun fyrir foreldra verður til staðar fyrir þá sem þurfa slíka nálgun vegna skapgerðarbrestra, reiði eða ofbeldishættu.
- Boðið verður upp á námskeið sem þegar eru til staðar hjá Velferðarsviði og Fræðslu- og lýðheilsusviði Akureyrarbæjar svo sem; SES - foreldranámskeið, Uppeldi sem virkar og Klókir krakkar. Einnig er áhugi á að þróa ný námskeið sem reynst hafa vel hérlandis og erlendis.

c) Samvinna og eftirfylgni

- Verkefnið er hugsað sem eitt af þeim úrræðum sem standa fjölskyldum til boða sem eru í samþættri þjónustu út frá lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- Mismunandi þjónustuaðilar sem koma að máli fjölskyldunnar geta tekið þátt frá upphafi til enda málsins ef þörf krefur.
- Málstjóri félagsþjónustu og hvers máls fyrir sig, tryggir samfellu og skýr samskipti við alla aðila í samvinnu við fagaðila innan fjölskylduþjónustunnar, á meðan málið er í því úrræði.
- Stefnt er að því að bjóða upp á eftirfylgd í allt að 12 mánuði, eftir formleg lok aðkomu verkefnis, með para og/eða fjölskylduviðtölum þar sem lengra líður á milli viðtala.

3. Markhópur og inntökuskilyrði

- Börn og fjölskyldur þeirra á leikskóla,- grunn- og framhaldsskólaaldri til 18 ára sem sýna merki um: ofbeldishegðun, erfð/brotin tengsl, slæm samskipti, andlega vanlíðan, hegðunarvanda eða félagslega einangrun.
- Foreldrar sem upplifa vanmátt og hafa vilja til að styrkja foreldrafærni sína.
- Nauðsynlegt er að fjölskyldan sýni vilja til þátttöku og samþykki samþættingu þjónustunnar.
- Þetta úrræði er ekki hugsað fyrir þyngstu málinu og er hér unnið út frá því að þau mál fái önnur og viðeigandi úrræði á þriðja stigi.

4. Fræðilegur grunnur

Verkefnið byggir á grunni fjölskyldukerfiskenninga (e. family systems theories) í félags- og uppeldisfræði, sem leggja áherslu á samverkandi áhrif einstaklinga, fjölskyldu, skóla og samfélags á þroska og líðan barna. Mikilvægir fræðimenn á þessu sviði eru meðal annars Urie Bronfenbrenner sem þróaði vistkerfislíkan mannsins, Murray Bowen sem lagði grunn að fjölskyldukerfiskenningum og Salvador Minuchin sem mótaði hugmyndir um uppbyggingu og virkni fjölskyldukerfa.

Þjónustan byggir á samþættri og fjölskyldumiðaðri nálgun í anda farsældarlaganna, með áherslu á snemmtæka íhlutun, valdeflingu og heildstæða þjónustu. Verkefnið styðst einnig við aðrar gagnreyndar aðferðir í meðferð eins og lausnamiðaðri nálgun, tengslanálgun og stuðning sem miðar að því að bæta samskipti, seiglu og félagslega virkni barna og foreldra.

5. Samvinna á Norðurlandi eystra

Verkefnið er hugsað þannig að Akureyrarbær sjái um vistun og umsýslu verkefnis en vinni það í samvinnu við þau sveitarfélög á Norðurlandi eystra sem vilja taka þátt í og eiga aðgang að úrræðinu. Þetta verkefni er sérstaklega mikilvægt fyrir smærri sveitarfélög þar sem aðgengi að sérhæfðri þjónustu er takmarkað. Með samvinnu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra má:

- Tryggja að börn og fjölskyldur í öllum landshlutanum hafi jöfn tækifæri til stuðnings
- Deila sérfræðiþekkingu og mannauði milli sveitarfélaga
- Hámarka nýtingu fjármagns og byggja upp sveigjanlegt úrræði

Samstarf verður eftir þörfum við: skóla, samfélagslögreglu, heilbrigðisþjónustu, frístundamiðstöðvar, íþróttafélög, barnavernd og frjáls félagasamtök (s.s. Rauði krossinn, Bergið headspace og Þroskahjálpi) svo dæmi séu tekin.

Gengið er út frá því að þeir sérfræðingar sem verða hluti af teyminu, verði hreyfanlegir og geti farið á milli sveitarfélaga á Norðurlandi eystra eða fengið fjölskyldur til sín í þjónustu í aðstöðu sína á Akureyri, allt eftir því hver þörfum liggur í hverju máli fyrir sig. Í sumum tilfellum verður hægt að notast við fjarfundabúnað.

6. Mat á árangri

Verkefnið mun byggja á reglulegri gagnasöfnun og eftirfarandi mælikvörðum:

- Mælaborð (fjöldi þátttakenda og viðtala ásamt mælingu á þátttöku og ánægju þeirra fjölskyldna sem nýta sér úrræðið)
- Eigindleg matsviðtöl fyrir og eftir úrræðið
- Mat samstarfsaðila á virkni og gæðum úrræðis
- Mælingar á líðan þeirra sem nýta sér úrræðið við upphaf og í lokin.

7. Teymið

Teymið samanstendur af:

- Fjölskyldufræðingur sem vinnur einnig sem verkefna- og teymisstjóri
- Sálfræðingur eða sambærilegur sérfræðingur
- Uppeldis- og atferlisfræðingur eða sambærilegur sérfræðingur

8. Heildarkostnaðaráætlun (skipt í styrkbeiðni og framlag sveitarfélaga)

a. Styrkbeiðni til Mennta- og barnamálaráðuneytis

Kostnaðarliður	Heildarupphæð (kr.) / 2 ár	Athugasemd
Laun: verkefna-teymisstjóri	29.907.000	Í fullu starfi m.v. um 988 þ.kr. mánaðarlaun með 24% launat.gj. og 3,5% launahækkun á 2.ári.
Laun: sálfræðingur	29.907.000	Í fullu starfi m.v. um 988 þ.kr. mánaðarlaun með 24% launat.gj. og 3,5% launahækkun á 2.ári.
Laun: sérfræðingur	24.813.000	Í fullu starfi m.v. um 820 þ.kr. mánaðarlaun með 24% launat.gj. og 3,5% launahækkun á 2.ári.
Tölvu og búnaður	1.500.000	Kaup á tölvum og öðrum búnaði fyrir 3 starfsmenn
Eftirfylgni / þjónustumælingar	3.000.000	Mælingar og rýni á árangri þjónustu
Markaðs- og kynningarefni	1.000.000	Upplýsingagjöf til foreldra og sveitarfélaga
Samtals	90.127.000	Sótt um sem styrkur frá Mennta- og barnamálaráðuneyti

b. Framlag sveitarfélaga á Norðurlandi eystra

Kostnaðarliður	Heildarupphæð (kr.) / 2 ár	Athugasemd
Rekstarleiga bífreiðar	1.920.000	Miðað við 80þ kr. á mánuði
Eldsneytiskostnaður	800.000	Miðað við 30þ kr. á mánuði
Fræðsla og þjálfun	500.000	Innri og ytri fræðsla og námskeið
Húsnæðiskostnaður og efnikaup v/skrifstofu	6.000.000	Miðað við um 83þ kr. á mánuði per starfsm. Skrifstofurými, skrifstofuvörur, fundar- og viðtalsrými.

Vinnuframlag starfsmanna sveitarfélaga	7.500.000	Samvinna við sviðsstjóra, forstöðumenn, félagsráðgjafa, málstjóra o.fl. innan samþættrar þjónustu og afgreiðslu velferðarsviðs.
Samtals	16.720.000	Framlag sveitarfélaga á Norðurlandi eystra

c. Sundurliðun framlags sveitarfélaga eftir íbúafjölda

Sveitarfélag	Íbúar	Hlutfall	Framlag (kr.)
Akureyrarbær	20.050	62,61%	10.469.000
Norðurþing	3.114	9,72%	1.626.000
Fjallabyggð	1.966	6,14%	1.027.000
Dalvíkurbyggð	1.906	5,95%	995.000
Eyjafljórsveit	1.184	3,70%	619.000
Þingeyjarsveit	1.453	4,54%	760.000
Hörgársveit	847	2,64%	442.000
Svalbarðsstrandarhreppur	504	1,57%	263.000
Langanesbyggð	560	1,75%	293.000
Grýtubakkahreppur	389	1,21%	203.000
Tjörneshreppur	52	0,16%	27.000
Alls	32.025	100%	16.720.000

9. Tímarammi og sjálfbærni

Verkefnið er hugsað sem 24 mánaða tilraunaverkefni á árunum 2026–2027. Að loknu því tímabili, verður árangur metin og gert átak til að tryggja sjálfbæra innleiðingu á úrræðinu innan almennrar starfsemi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, ef niðurstöður verða jákvæðar.